

Helgarpóstsviotalið: **Haraldur Blöndal**



viotal: Þröstur Haraldsson

myndir: Jim Smart


Hann er töluvert umdeildur, viðmælandi Helgarpóstsins að þessu sinni. Í blaðagrein var hann einu sinni sagður vera „óguðlega íhaldssamur“. Haraldur Blöndal gengst fúslega við því að vera íhaldssamur en ekki óguðlegur því hann er kristinn maður. Við heimsóttum hann á lögfræðiskrifstofu í Ingólfsstræti 5 þar sem hann vinnur ma. hjá bróður sínum, Benedikt. Haraldur þarf að snúast í ýmsu áður en viðtalið hefst, hann er að hengja upp mynd, eftirprentun af málverki eftir Sigurð Eypórsson.

– Er hún ekki falleg? spyr hann þegar myndin er komin á sinn stað. Þá getur viðtalið hafist.

– Þú berð ættarnafn, er Blöndalsættin ekki voðalega fín ætt?

„Ja, svona.. það hefur í það minnsta verið gefin út heil bók um hana. Nafnið er komið

fyrir sigrum og tapi. Hefur þú til dæmis velt því fyrir þér, að borgin tapaðist 1978 m.a. vegna þess, að það vantaði lóðir fyrir Sjálfstæðismenn?



Hægra einpæði

Tékkóslóvakíu. Daginn sem innrásin var gerð fórum við Jón Sigurðsson í heimsókn til Sverris heitins Kristjánssonar. Hann var með kort af Sovétríkjunum á borði fyrir framan sig og ég spurði hvort hann væri að dást að föðurlandinu. „Nei, ég er að stúdera höfuð-óvininn“, sagði Sverrir og bætti því við að þótt Bandaríkjamenn væru slæmir þá tækju þeir þó mið af almenningssálitinu í heiminum, en Rússar aldrei. Hann sagðist óttast þá stund þegar Sovétmenn yrðu Bandaríkjamönnum hernaðarlega sterkari.

Með innrásinni í Tékkóslóvakíu fuku allar hugmyndir um að Íslendingar gætu lifað án erlendra varna. Síðan hef ég orðið æ harðari varnarsinni. Ég vil efla varnirnar, mér finnst allt í lagi að koma hér upp flotastöð, td. á Austfjörðum. Við erum liður í varnardeðju og verðum að miða okkar varnir við að landið nýtist í keðjunni. Hér mætti gjarnan halda hernaðaræfingar, það er gert í öllum löndum. Hvernig ætla Bandaríkjamenn td. að bregðast við landgöngu Rússa? Hún var æfð á Shetlandseyjum fyrir 3-4 árum, af hverju ekki hér? Við höfum ekki einu sinni öryggislögreglu og fylgjumst ekkert með njósum hér. Hvað eru þessir 80 manns í sendiráði Rússa að gera? Þeir eru ekki að leggja kapal.“

– Um hvað ættu þeir að vera að njósna?


– En aftur til unglingsáranna, lentir þú ekki í slag við kommana á þeim árum?

„Jú, við vorum með einhvern æsing og það var um tíma fylgst með okkur. Við vorum aðallega að þessu til að stríða löggunni og ögra henni. Það skipti í sjálftu sér engu máli hver hélt fundina, það gat eins verið Blóma-ræktunarfélagið. Ég lenti hins vegar aldrei í því að stúta rúðum í Tjarnargötu 20. Ég var ekki svo mikið í Reykjavík á þessum árum, ég var fyrir norðan á veturna og skar hval á sumrin í Hvalfirði.“

Að drepa eða vera drepinn

– Skarstu hval? Þú hefur kannski enga samúð með hvalaverndarmönnum?

„Það féll nú í minn hlut að láta leggja lögbann á aðgerðir Greenpeace hér um árið“, segir Haraldur og sýnir okkur stoltur mynd af atburðinum sem hangir uppi á vegg. „Við vorum lögfræðingar Hvals hf. í málinu. Mér finnst ég hafa gert rétt, það er gegn Guði að hagnýta ekki þær auðlindir sem inn hefur



frá Birni Blöndal sýslumanni í Hvammi á Vatnsdal.

Lárus sonur Björns var líka sýslumaður og var reyndar skipaður amtmáður fyrir norðan og austan en dó áður en hann tæki við embætti. Haraldur sonur hans, afi minn, sem ég heiti eftir, lærði ljósmýndun, og kvæntist Margréti Audunsdóttur frá Svarthamri í Álftafirði. Lárus faðir minn er mag. art. hann var handritavörður Landsbókasafns, borgarskjalavörður og síðast alþingisbókavörður. Föðurætt mín er því að mestu embættismannaætt. Móðir mín Kristjana var dóttir Benedikts Sveinssonar, ritstjóra og alþingisforseta og Guðrúnar Pétursdóttur úr Engey. Mitt fólk var mest allt skólalagengid og þegar ég var barn, hélt ég, að allir yrðu stúdentar. Ég man, að ég fór 4-5 ára á starfskynningu í Grænuþing. Þar varð ég einna hrifnastur af skipstjórahúfu sem ég sá og var lengi síðan ákveðinn í að verða skipstjóri eins og Halldór í Háteigi, sem ég kallaði afa minn. En fyrst ætlaði ég að verða stúdent, það hvarflaði aldrei annað að mér. Og ég fór í Menntaskólann á Akureyri.“

Lóðir fyrir íhaldsmenn

– Á Akureyri? Ertu ekki Reykvíkingur í húð og hár?

„Jú, það er ég. Móðurfólk mitt hefur búið hér í þrjú eða fjögur hundruð ár. Báðir foreldrar mínir eru fæddir hér og ég ólst upp við Laugavegin á nr. 66. Það voru járnaðir hestar í næsta húsi, þegar ég var barn, Reykjavík var ekki stærri. En til Akureyrar fór ég með vini mínum Stefáni Eggertssyni verkfræðingi af því að við áttum systkini fyrir norðan.

Skólavist úti á landi setur mark á mann og ég gæti vel hugsað mér að búa úti á landi. En ekki í Kópavogi eða á Nesinu. Ég ætla ekki að láta kenna mér það ef meirihlutinn í borgarstjórn tapast á einu atkvæði. En í kosningum getur oft munað litlu, og margar ástæður

– Purfa þeir eitthvað sérstakar lóðir?

„Velstætt fólk og þeir sem vilja búa í einbýlishúsum eru að meirihluta Sjálfstæðismenn og um skeið var úthlutað allt of fáum einbýlishúsalóðum í Reykjavík. Afleiðingin varð sú að margir Sjálfstæðismenn fluttu út á Seltjarnarnes og í Garðabæ, eða jafnvel upp í Mosfellssveit. Flokkurinn er enda með um og yfir 60% í þessum sveitum. Bara hluti af þessum atkvæðum hefði dugað til þess að halda borginni. Þetta sýnir hins vegar að íhaldið misbeitir ekki valdi sínu.“

– Þú segir íhaldið, ertu íhaldsmaður?

„Já“.

– En varstu ekki einhvern tímann í Fylkingunni?

„Þegar ég var í landsprófi var ég í Fræðafélaginu Fróða ásamt Jóni Sigurðssyni núverandi skólastjóra á Bifröst, Leifi Jóelssyni og fleirum. Í þessu félagi voru eintómir Fylkingarmenn og ég gekk í Fylkinguna. En ég var ekki lengi, nokkrar vikur held ég. Það var einu sinni verið að ræða um herinn í Fróða og ég var á móti því að hann færi. Ég vildi þjóðlegan sósíalisma en taldi vonlaust að framkvæma hann nema undir vernd Bandaríkjamanna. Rússarnir mundu aldrei leyfa hann. Þetta þótti mjög vond kenning. Á þessum tíma var mikið sjómannaverkfall og á forsiðu Þjóðviljans stóð að útgerðarmenn stælu af sjómönnum, en á baksíðunni var frétt um að útgerðin væri á hausnum. Þetta fékk ég ekki til að passa saman. Svo var Viðreisnin í fullum gangi, og ég varð Sjálfstæðismaður.“

Flotaslið á Austfjörðum

– En einhvern tímann varstu á móti hernum. Gekkstu ekki í Keflavíkurgöngu?

„Ekki Keflavíkurgöngu, við gengum ofan úr Hvalfirði; ég af Kjarlanesi. Um tíma vildi ég að herinn færi en að við værum áfram í Nató. Ég vildi frekar hafa íslenskan her. En þessi skoðun hrundi þegar Rússar réðust inn í

„Ég er enginn hernaðarfræðingur svo ég veit ekki hverju Sovétmenn hafa áhuga á hér á landi. Ef til vill eru þeir að fylgjast með þeim sem þeir telja sér vilhalla og hafa samband við þá. Eða þeir eru að mæla út flugvelli eins og Þjóðverjar gerðu fyrir stríð. Þeir hafa enda haft jarðfræðinga hér. Svo er hér mikilvæg herstöð.“

– Sem þú varst á móti?

„Þegar ég var fjórtán ára gekk ég ofan af Kjalarnesi. Okkur var sagt í Þjóðviljanum, að það ætti að hola innan Pýril og gera hann að lægi fyrir kjarnorkukafbáta. Ég trúði Þjóðviljanum þá, – en ekki lengur, – og vildi ekki gera Pýril að kjarnorkukafbátageymslu. En núna finnst mér allt í lagi, þótt hér væru geymd kjarnorkuvopn. Hættan er ekki fölginn í að geyma þau, – kjarnorkusprengja í geymslu er mun hættuminni en t.d. venjuleg sprengja, sem getur sprungið bara vegna efnabreytinga. Það þarf mekanisma til þess að setja kjarnorkusprengju í gang, og ef hann er ekki í sambandi kviknar ekki í sprengjunni frekar en t.d. á ljósaperu sem liggur á borði. Ef nauðsynlegt er að hafa þessi vopn hér vegna varna landsins á vitanlega að hafa þau.

Hins vegar eru hér ekki neinar kjarnorkusprengjur, – þær eru geymdar nær Sovétríkjunum – eiga þær ekki að springa þar?“

Ekki hræddur um kjarnorkuárás

– Ertu ekki hræddur við að slík kjarnorkuvopnageymsla myndi kalla yfir okkur kjarnorkuárás frá Sovétríkjunum?

„Nei, ég hef ekki trú á því. Rússar þurfa að notfæra sér þá aðstöðu sem hér er og kjarnorkusprengja frá þeim gerði þeim ómögulegt að nota landið. Þeir myndu frekar beita gas-hernaði enda hafa þeir þjálfaðar gasherdeildir á sínum snærum, það er vitað. En Ísland er þeim gagnslæust án bæktistöðvar, og flugvallar.“

gefið okkur. Við höfum veitt hval í 35 ár og það hefur aldrei verið sýnt fram á að hann sé ofveiddur. Með röksemdum hvalverndunarmanna mætti miklu frekar banna þorskeiðið. Það eru líka fleiri skepnur gáfaðar en hvalurinn, – kindur, kýr og hestar t.d. Þessi barátta gegn hvalveiðum er háð af fólki, sem býr í borgum og vill ekki sætta sig við, að lífsbaráttan er hörð, – það er að drepa eða vera drepinn. Háhyrningur veltir því ekki fyrir sér, hvort fórnarlömbum hans finnst sárt að láta drepa sig. Ekki laxveiðimaðurinn, ekki rjúpnaskyttan og ekki heldur skotmaðurinn í sláturhúsinu. Og þar fyrir utan eru hvalveiðar þrífalegar, – hann drepst yfirleitt í fyrsta skoti.

Ég skil vel áhyggjur fólks af útrýmingu hvalastofnanna. En okkar stofnar eru alls ekki í neinni hættu. Og friðunarmenn sýna mikla hrænsni, og meirihlutinn í hvalveiðiráðinu. Eskimóar í Alaska mega drepa gráhvalinn, sem er í mikilli hættu. Það er réttlætt með því að veiðarnar séu hluti af þeirra þjóðararfleifið. Grænlandingar mega skjóta hrefnu eins og þeim sýnist með sömu röksemdum. Og Færeyingar drepa sína grind. Við höfum engin efni á að vera með pempíu-hátt í þessum málum, – við verðum að drepa hvalina, en vernda stofnana að sjálfsögðu.“

– Þú ert þekktur fyrir skrif þín, sem þykja í meira lagi hægri sinnuð. Stundum hefur hvarflað að mér, að þú meirir ekki allt sem þú skrifar, að þú sért bara að ögra okkur vinstri mönnum, t.d. með skrifum þínum um El Salvador.

„Hvað segirðu, heldurðu það? Nei, ég meina það sem ég segi. Mín sjónarmið heyrast ekki oft í íslenskum blöðum, en það er nú út af því að öll íslensku blöðin eru vinstrihlutad í utanríksmálum. Þetta stafar af því, að meirihluti blaðamanna, alls staðar, er vinstri sinnadur, jafnvel líka í Bandaríkjunum, en þaðan fáum við erlendu fréttirnar að mestum hluta. Mínan skoðanir byggjast á því,

að ég er fylgjandi vestrænu þjóðskipulagi, og tel, að hvítir, kristnir Evrópubúar hafi komið veröldinni nær mannúð en áður hefur þekkt. Ég tel, að Vesturlönd hafi fyllsta rétt til þess að verja sig og sitt þjóðskipulag.

Ég er líka þeirrar skoðunar, að einræði til hægri sé betra en einræði til vinstri. Hægri menn láta vissar stofnanir í friði og viðurkenna viss réttindi fólks. Meðan einræði ríkti á Spáni, í Portúgal og Grikklandi naut fólkið ákveðinnar tegundar málfrelsis og það hafði ferðafrelsi. Ástandið í þessum löndum nálgaðist ekki það sem ríkir austantjalds, eða í Nasista-Pýskalandi.

– En hvað um efnalega afkomu?

„Par höfðu td. Spánverjar það betra en Sovétmenn, á Spáni varð meiri atvinnuuppbygging en í Sovét. Í Sovétríkjunum hefur verið „uppskerubrestur“ síðan 1917, þar er uppskeran minni en á tímum Tsarsins þegar engir traktorar voru til.“

– Það er því óhætt að slá því föstu að þú sért ákafur hægrimaður?

„Ég er fyrst og fremst fhaldsmaður. Ég er á móti breytingum breytinganna vegna. Ef eitthvað hefur reynst vel á ekki að kasta því. Það er kostur við lög ef þau eru gömul, það sýnir að þau hafa verið viturlega samin. Það á ekki að vera að hringla með hlutina, menn eiga að geta gengið að því vísu hvernig þeir eru. Hitt veldur óróleika. Ég vil ekki skipta mér af öðru fólki og vil hafa mig og mína í friði fyrir öðrum. Ef þú átt td. þúsund hektara land og langar að reisa þar sumarbústað þá er það smekkur einhverra manna úti í bæ sem ræður útliti hans. Hver segir að smekkur Jóns Guðmundssonar sé endilega betri en minn? Ég byggi fyrir mína peninga.

Sumir kalla mig fasista en stefna þeirra byggir á ríkisafskiptum sem ég er ekki hrifinn af. Mússólíní var td. sósíalisti.“

Frjálshyggjan eina leiðin

– En viltu þá engu breyta?

„Jú, ég vil breyta hlutunum ef nauðsyn krefur. Það var td. nauðsynleg breyting hjá

fólk í Háskólanum. Ef þar væru tekin upp skólagjöld myndi fólk ekki tíma að fara þangað, það myndi læra eitthvað praktískara. Og svo er það spursmál hve gagnleg öll þessi skólaganga er. Ég var í skóla í 20 ár, en Brynjólfur Sveinsson biskup var í 14 ár og var þó talinn lærðasti maður Norðurlanda í sinni tíð.

Heilbrigðiskerfið má líka reka á einka-grundvelli, það var gert hér áður fyrr. Núna kaupir þú váttryggingu fyrir bílinn þinn, húsið ofl. Það er eins hægt í heilbrigðismálum. Það myndi líka draga úr kostnaðinum við heilbrigðisþjónustuna sem þenst allsstaðar út.

Og ég er á því að kirkjan sé mun betur í stakk búin til að annast alla félagslega þjónustu heldur en Félagsmálastofnun. Ef það er ekki nóg fyrir ykkur komma getið þið bara stofnað ykkar félag, það á að leyfa fólki að ráða þessu sjálf. Svo getið þið alltaf flutt til Norðfjarðar.“

Litli karlinn alltaf illa úti

– Ertu ekkert hræddur við að þeir sem minna mega sín detti upp fyrir í svona kerfi?

„Nei, í dag hefur fátækt fólk ákveðin friðindi og það væri vitaskuld hægt að veita því styrki td. til náms. En fátæki maðurinn á líka að geta valið og hafnað, það getur hann ekki í dag.

Litli karlinn verður alltaf illa úti, hann fer verr út úr þessu kerfi sem við búum við en hinu. Hann hefur enga möguleika á að brjótast út úr því. En litli karlinn er ekki endilega fátæki maðurinn. Ég kynnist í mínu starfi fólki sem ekki hefur dug til að standa á móti straumnum þegar hann skellur á og það er ekki allt fátækt.

En það gengur ekki að rétta öllum allt. Manstu eftir hasarblaðasöluinni fyrir utan bíóin í gamla daga? Þar ríkti frjáls markaður og það myndaðist strax fast hlutfall, Andrés Önd var verðlaus en Dell-blöðin dýr. Parna voru mas. strákar með aðra stráka í vinnu.

„Það er rugl í þeim prestum, sem vilja styðja friðarhreyfinguna sem er stjórnað af kommúnistum. Og hver segir að friður sé alltaf eina rétta markmiðið. Það stangast á við kenningu kristinnar trúar um að til séu réttlát og ranglát stríð. Ef óður maður brýst inn til þín og hótar að drepa konuna þína og börnin þín, þá býður þú honum ekki upp á kaffi, þú kemur manninum fyrir.

Það er eðlilegt að kristnir menn sýni hver öðrum frið, en menn eiga ekki að hleypa óaldarmönnum inn á sig. Friðarhreyfingin er uppgjöf fyrir Sovétmönnum, því að heiminum stafar ekki hætta af lýðræðisríkjunum. En það er eins og margir kirkjunnar menn séu farnir að ruglast; eru þeir ekki orðnir á móti Ísrael líka?“

– Hvað finnst þér um það, sem Ísraelsmenn eru að gera í Líbanon núna?

„Það er allt gott að segja um það. Þeir hefðu hins vegar átt að fara strax inn í Vestur-Beirút. Það eru þeirra mistök. Ég hef sömu skoðun á PLO og glæpamönnum nasista, eins og IRA. Þeir drepa konur og börn í Ísrael og skýla sér bak við þau í Beirút. Í Líbanon er ágætur flokkur kristinna manna, og hann berst með Ísraelsmönnum. Af hverju?

En blaðamenn hafa eins og fyrri daginn skekkt myndina með hlutdrægum fréttum.



er betra en

vinstra

einræði

Davíð að leggja niður Bygðasjóð Reykjavíkur. Bygðasjóður ríkisins á að fara sömu leiðina, hans verkefni á að fela öðrum. Og ég vil breyta bankakerfinu. Ef ég á td. kost á láni hjá erlendum banka með 8-9% vöxtum, af hverju get ég ekki verslað beint við hann? Af hverju þurfa viðskiptin að fara í gegnum innlenda banka þar sem kostnaður hleðst ofan á lánið? Nei, þetta þjóðfélag er óskaplega miðstýrt, það þarf að brjóta upp. Ástæðuna fyrir þessari miðstýringu er að finna hjá stjórnámálamönnum. Þeir sækja vald sitt til kjósenda og trúa því að til þess að öðlast lýðhylli þurfi þeir að gera eitthvað, flytja frumvörp sem sýna að þeir hafi áhuga á atvinnumálum. Þessi frumvörp kalla öll á ríkisafskipti. Í þessu efni eru mínir flokksbræður undir sömu sök seldir og aðrir, því miður.

– Mér heyrir á þér að þú sért frjálshyggjumaður?

„Já, það er ég. Eina leiðin til skynsamlegrar stjórnar er að láta markaðinn ráða, gera hann sem virkasta.“

– Viltu þá að ríkið láti mennta- og heilbrigðiskerfið einstaklingum eftir?

„Já, fólk getur bara keypt sér tryggingar, bæði almanna- og sjúkratryggingar. Þú verður að athuga að núna vinnur fólk 4-6 mánuði á ári fyrir ríkissjóð. Á miðöldum voru bændur óánægðir með að þurfa að vinna fyrir léns-herrann í hálfan mánuð. Nú losnar þú í júlí, þá getur þú farið að vinna fyrir sjálfan þig. Og ef þú skilar ríkinu ekki þínum vinnuöðum þá borgar þú 4% í vexti á mánuði. Það væri allt í lagi að losna við þetta.

Og skólakerfið, hvað kemur það ríkisvaldinu við hvað ég kenni mínum börnum, fyrir utan lestur, skrift og reikning? Kannski ert þú ekki trúður og þá hefur þú engan áhuga á að börnunum þínum séu kennd kristin fræði. Og við tveir myndum varla velja sömu bókina til sögukennslu.

Og við höfum ekkert að gera við allt þetta

Parna voru verðmæti sem voru í engum tengslum við þjóðfélagið en það myndaðist strax ákveðið hlutfall. Sama gildi um dúfur. Það hefði lítið þýtt fyrir einhvern Tómas Árnason, Svavar Gestsson eða dr. Gunnar Thoroddsen að segja strákunum að það gildi verðstöðvun á dúfum. Þeir yrðu bara látnir fá ómerkilegar og verðlausar húsadúfur að leika sér með.“

Bandaríkin arðræna engan

– Yrði þetta ekki erfitt til að byrja með?

„Nei, ég er ekki á því að margir hrykkju fyrir borð. Sjáðu Bandaríkin, þar ríkir til- tölulega óheft skipulag og þar er líka minni fátækt en annars staðar. Árið 1917 voru Bandaríkin ekki ríkir en Sovétríkin.“

– En hafa Bandaríkin ekki auðgast á því að arðræna önnur lönd?

„Nei, utanríkisverslun er innan við 20% af viðskiptum í Bandaríkjunum. Þau arðræna engan, verslun er bara verslun. Ef ég vil ekki kaupa af þér getur enginn pyndað mig til þess, eða hvað? Það sem háir þessum þjóðum í Asíu og Afríku er að það eru mest bandittar sem stjórna þeim. Hinn almenni maður bjó við meira öryggi og hafði það betra meðan Evrópuríkin stjórnðu þeim á 19. og 20. öldinni. Það er ég sannfærður um. Sjáðu Íran. Rauðsokkurnar skræktu af gleði þegar keisararnum var steypt af stóli. Núna sitja þessar kellingar allar inni hjá sér með blæjur. Í Íran eru meira að segja sérstakar skíða- brekkur fyrir karla og sérstakar brekkur fyrir konur. Og líttu svo til Afríku og sjáðu villi- menn eins og Idi Amín, eða þann sem á eftir fór, keisarinn í Miðafríku, – eða hörmungarnar í Vietnam og Kambódíu.“

– Þú ert kristinn maður, hvað finnst þér um afskipti kirkjunnar af friðarhreyfingunni?

Einu sinni sagði breskur sjóliðsforingi við mig, að þegar stríð brytist út, ætti að reka alla blaðamenn í burtu. Stríð eru nógu viðbjóðsleg þó ekki sé verið að flytja þau heim í stofu hjá fólki. Heimur sem þolir ekki hvalveidar þolir ekki slíkt. Styrjaldir eru í sjálfu sér ekkert fagnaðarefni, en það eru til réttlát stríð. Það var td. réttlátt þegar Bretar sögðu Þjóðverjum stríð á hendur 1939. Og þegar Begin verður búinn að hreinsa til í Líbanon mun ríkja þar friður.“

Tilheyrir miðjunni

– Þú ert flokksbundinn Sjálfstæðismaður, hvaða armi tilheyrir þú?

„Mér skilst að ég sé í þeim armi sem öllum er illa við. En í alvöru, þá var ég Bjarnamaður, ég var Jóhannsmaður og nú er ég Geirsmaður. Þú verður að muna að ég er gamall Morgunblaðsmaður. Ég var einu sinni þingfréttaritari Moggans. Rétt eftir að ég var ráðinn kom Eykon til mín og sagði við mig afsakandi, að það væri ekki hægt að hafa stjórnarmann úr Fylkingunni sem þingfréttaritara Morgunblaðsins. Það hlyti ég að skilja. En þá hafði nafni minn og frændi verið kosinn í stjórn Fylkingarinnar og Styrmir tekið feil á okkur. En ég tilheyrir miðjunni í flokknunum, þessum breiða stafla.“

– Hverjir eru þá til hægri í flokknunum?

„Ég veit það ekki, ætli Pálmi sé til hægri? Sjálfstæðisflokkurinn er breiður fjöldaflokkur og við Pétur sjómaður erum t.d. samherjar, þótt okkur greini á um minniháttar mál. Pétur er klassískur velferðarsinni. Eða þá Sverrir Hermannsson. Þeir myndu ekki skrifa undir allt það sem ég segi hér.“

– En hvað sameinar ykkur þá?

„Ég veit það ekki. Ef til vil öflugir foringjar. Sá ágreiningur sem nú ríkir í flokknunum snýst ekki um málefni heldur menn. Það eru þrír menn sem styðja stjórnina og þegar hún fellur er klofningurinn úr sögunni. En von-

andi verða ekki kosningar fyrr en á næsta ári.“

– Af hverju ekki?

„Ég vil láta þessa stjórn vera við völd það lengi að fólk reyni ekki svona ævintýri aftur. Mér finnst unaðslegt að sjá kommana engjast eins og þeir gera núna. Fram til þessa hafa þeir sloppið út úr stjórnunum út af varnarmálum en það geta þeir ekki núna, nú er bara flugstöðvarmálið og þar er ég eiginlega sam- mála kommunum.“

– Hvað segirðu?

„Já, mér finnst engin ástæða til að aðskilja herflugið og farþegaflugið. Það er öryggi í því að hafa þetta eins og það er, það dettur engum skæruliða í hug að vera með uppsteit í miðri herstöð. Og svo er allt í lagi að fólk venjist því að sjá hermenn. Og stöðin er nógu stór. Mér finnst öllu verra að allar vörur í Fríhöfninni skuli vera merktar í dollurum.“

Kusum ekki auglýsingu

– Særir það þjóðerniskennidina?

„Já, ég er mikill þjóðernissinni. Mér finnst td. að forsetinn eigi bara að tala íslensku en ekki að vera að tala bjagaða útlensku. Pompidou Frakklandsforseti var mikill málamaður en honum datt ekki í hug að tala annað en frönsku opinberlega. Og svo finnst mér ekkert atriði að forsetinn sé alltaf að fara úr landi, hann á að vera sem mest heima. Við kusum okkur forseta, ekki heilsíðuauglýsingu í Newsweek. Það stendur ekkert í

stjórnarskránni um að forsetaembættið skuli vera auglýsingafirma. Breska konungsfjölskyldan er á eilífum ferðalögum og þú sérð hvernig Bretum gengur að selja vörur sínar. Híróhító Japanskeisari hefur aðeins farið tvisvar úr landi á sínum langa ferli en Japanir selja vörur sínar grimmt um allan heim. Fólk kaupir vörur vegna gæðanna, ekki vegna þjóðhöfðingaheimsókn. Nú eru furstahjónin í Monaco í heimsókn, heldur þú að það hafi þau áhrif á þig að þú farir að kaupa kaffi frá Monaco?“

Myndi jafnvel grennast

– Að lokum, ertu metnaðargjarn, langar þig á þing?

„Langar og langar ekki. Ég fór einu sinni í prófkjör og barðist mikið, ég held að ég hafi hringt í einn mann eða tvo. En ég náði tólfsta sætinu sem var ágætt því það fleytti mér inn í flokksráð. En ég er á móti prófkjörum, ég get ekki staðið í að troða skóinn af fótum samherja minna. Ég held líka að prófkjörin verði lögð niður, flokkarnir þola þau ekki. Í Reykjavík þarf flokkurinn að hafa ákveðið jafnvægi, það þýðir ekki að bjóða fram ein- tóma bakara. Það þarf að vera einn úr verka- lýðsarminum, einn úr sjávarútvegi, einn úr röðum opinberra starfsmanna o.s.frv. Þessu markmiði er erfitt að ná með prófkjöri, það þarf að manipulera mikið til að ná því.

Meðan prófkjörin eru við lýði hef ég ekki áhuga á að fara í framboð. En ég hef pólitískan metnað, ég hef verið að stússast í félagsmálum frá því ég man fyrst eftir mér og ég er ráðríkur. Sumir segja að nóg sé komið af minni fjölskyldu í pólitíkinni. En ég myndi þó fara fram ef ég teldi mig hafa möguleika.

Annars er minn pólitíski áhugi aðallega tengdur því að skrifa um pólitík. Ég færi hræðilega út úr því ef prentfrelsi yrði afnumið. Ég myndi jafnvel grennast.“